

## 14. gr.

Bílhrae, brotjárn og þess háttar hluti, skal flytja á afmarkað svæði sem sveitarstjórn ákveður.

## 15. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

## 16. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku skulu forráðamenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunartæki þegar sorphreinsun fer fram, eða í sorphaugstað skv. fyrirætlum sveitarstjórnar.

## 17. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

## 18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

## 19. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 5. desember 1979.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 175/1974 um Kennaraháskóla Íslands.**

## 1. gr.

3. mgr. 4 tl. B. 29. gr. orðist svo:

Í greinum námskjarnans, sbr. 1. tl. 5. gr., skal meðaltal einkunna af öllum námsárum eigi vera lægra en 5 í bóklegum greinum og list- og verk-greinum hvorum fyrir sig og í einstökum greinum eigi lægra en 5 í íslensku og uppeldisgreinum og eigi lægra en 4 nema í einni grein af öðrum greinum námskjarnans.

## 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1979.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Birgir Thorlacius.*